


Deka Hrað

Hraðharðnandi múrblanda



Efnislýsing

Deka hrað er hraðvirk, slitsterkt, sementsbundið steypu og múrviðgerðarefni, með mjög góða viðloðun. Frostþolið og vatnspétt þegar fullri hörku er náð. Framleitt úr Portlandsementi, ofnþurkuðum kvartssandi ásamt íblöndunnaefnum til að auka hröðun, viðloðun og vinnslueiginleika.

Notkunarsvið

Deka hrað er alhliða hraðharðnandi tilbúinn múrblanda sem rýrnar ekki. Það þarf einungis að blanda köldu vatni saman við efnið og þá er það tilbúið til notkunar. Deka hrað hentar í alhliða múrviðgerðir úti sem inni, s.s. tröppur, veggir, gólf o.s.fr

Undirvinna

Viðgerðarflöturinn skal vera hreinn og laus við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi sem komið geta í veg fyrir góða viðloðun. Gott er að skera með slípirokk til að mynda afmarkaða skarpa brún. Ef skemmdin nær inn í járn skal fjarlægja alla lausa steypu frá járninu og hreinsa járníð með sandblásara eða slípirokk Berið síðan á járníð Murexin Repol BS7 sem er sementsbundið ryðvarnarefni.

Grunnur

Bleyta þarf undirlagið fyrir lögn. Mjög rakadrægt undirlag þarf að bleyta vel daginn áður. Í mjög erfiðum aðstæðum er gott að kústa með blöndu af Deka hrað og Deka akryl.

Blöndun og lögn

Hrærið Deka hrað út í kalt vatn. Hellið efninu út í vatnið og hrærið með hæggengri borvél. Látið standa í 1-2 mín og hrærið síðan aftur. Bleytið eða kústið viðgerðarflötin, og kastið/leggið múrblönduna í blautt undirlag. Ef viðgerðin er þykkari en 25mm þarf að fara fleiri umferðir. Ýfið yfirborðið og leggið næstu umferð eftir ca 15-20 mín. Ef lengra líður á milli og yfirborðið þornar alveg, þá þarf að grunna aftur. Hitastig verður að vera minnst 5°C í 12 klst eftir notkun. Verjið flötinn fyrir of hraðri þornun. Ef hitastig er lágt 5-10°C þá getur verið gott að breiða yfir flötinn til að flýta fyrir þurkunum

Efnisnotkun

5 mm þykkt 10 kg/m²

10 mm þykkt 20 kg/m²

Athugið

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi, á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi. Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi, skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf ráða hjá solumönnum ef ykkur finnst ástæða til. Ekki má blanda öðrum efnum saman við Deka hrað, þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

Eiginleikar Deka Hrað

Þykkt min	5mm
Þykkt max (Eitt lag)	25mm
Þrýstistyrkur 1 dagur (EN 12190)	15 N/mm ²
Þrýstistyrkur 28 daga (EN 12190)	50 N/mm ²
Beygjustyrkur 28 daga (EN 12190)	8 N/mm ²
Binding við steinsteypu (28 dagar)	2,4 N/mm ²
Brunaflokkun	Class A
Binding við steypu eftir 50 frost þýðu hringi (EN13687-1)	3,2 N/mm ²
Kornastærð	0,8mm
Vatnspörf:	(3 – 3,5 lítrar/25kg)
Vinnsluhitastig	5°C – 25°C
Notkunartími	7 mín
Hörðun	Byrjar eftir 10 mín
Göngufært	15 mín
Full hörðun	28 dagar